



„AÐ HUGSA Á HEIMSVÍSU OG SKAPA Á HEIMASLÓÐ“

Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 10. norrænu sveitastjórnarráðstefnunni
Reykjavík
14. júní 2004

Heiðruðu sveitastjórnarmenn
Ágætu ráðstefnugestir

Þegar ég var að alast upp í litlu vestfirsku sjávarplássi fyrir rúmum fimmtíu árum var veröldin fjörðurinn og fjöllin í kring. Fólkið bjó á þröngri eyri, strandferðarskipið kom tvisvar í mánuði með póstinn og blöðin, gufuradíóið, eina rás ríkisútvarpsins, heyrðist oft illa og stundum alls ekki þegar batteríin voru að verða búin, sólin var falin bak við fjöllin í margar vikur á hverjum vetri, hreppsnefndin var eina valdastofnunin sem við krakkarnir þekktum, oddvitinn höfðingi plássins og kosningar frábær skemmtun í fásinninu.

„Að hugsa á heimsvísu og skapa á heimaslóð,“ heiti ræðu minnar hér í dag, hefði verið okkur og öðrum íbúum þorpsins óskiljanleg þula. Hugsun og athafnir voru bundnar þessum litla veruleika, þorpinu okkar; voru eitt, höfðu verið um aldir og yrðu alltaf.

Samt voru rætur lýðræðisins í þessum litlu samfélögum allt í kringum landið. Það gleymist stundum, þegar menn dást að því hve snemma á landnámstíð Íslendingar stofnuðu þing og gerðu Þingvelli að vettvangi lagasetningar og opinnar umræðu, að í árdaga Íslandsbyggðar urðu hrepparnir einingar sameiginlegra ákvarðana, samstöðu fólksins um að ráða fram úr vandamálum og einnig tryggingakerfi sem varði menn tjóni og áföllum, eins konar velferðarvettvangur í ætt við þjóðfélagssýn á okkar tímum.

Sveitarfélögin íslensku voru allt frá landnámstímum vettvangur lýðræðis og félagslegrar samstöðu og hafa því í þúsund ár endurspeglað þá hugsun sem bundin er í heiti ráðstefnunnar sem hefst hér í dag – að

vísu ekki á heimsvelli heldur í samfélögum sem áttu rætur milli fjalla, í þröngum dölum og djúpum fjörðum.

Hún var merkileg samfélagshugsunin sem fylgdi norrænum mönnum til þessarar eyju í útnorðri, mönnum sem ekki vildu sætta sig við vald kóngsins, vildu ráða sér sjálfir.

Við segjum stundum í léttum dúr að það hafi verið sjálfstæðustu, djörfustu og framtaksömustu Norðmennirnir sem yfirgáfu Harald hárfagra og héldu til Íslands en þeir hlýðnu og hikandi sem urðu eftir. Og stundum er bætt við að þegar víkingaskipin komu við í Færeyjum þá hafi hinir sjóveiku orðið þar eftir. Að vísu segja Færeyingar að það hafi verið hinir vitru og framsýnu sem ákváðu að setjast að í Færeyjum en bara kjánarnir sem héldu áfram til Íslands.

Þannig getum við norrænir vinir gert góðlátlegt grín hverjir að öðrum og víst er að í sumum heimshlutum yrði það tilefni alvarlegrar kreppu ef forsetinn gerði þannig grín að nágrannalöndum í upphafi virðulegrar ráðstefnu.

Norræn samfélög eru af mörgum talin fyrirmynd, vegvísir um framtíðina, sönnun þess hvernig hægt er að tryggja velferð, menntun og heilsugæslu og njóta um leið hagvaxtar og efnahagslegra framfara, nýta kosti markaðarins og búa almenningi um leið öryggi og hagsæld, hafa mannréttindi í hávegum og þróa lýðræði sem sé opið, gegnsætt og víðtækt, samfélög þar sem upplýsingatæknin er slík almenningsseign að við getum þróað nýjar leiðir við ákvarðanir og almenna þátttöku í meðferð hins formlega valds, gert hina nýju veröld að framfaraskeiði lýðræðis og mannréttinda.

En breytt heimsmynd, umsköpun hins alþjóðlega hagkerfis og ný sýn sem alþjóðavæðing menningar og viðskipta hefur fært ungu fólki hefur líka haft í för með sér að við stöndum nú á nýjum vegamótum.

Ég nefndi í upphafi hvernig veröld æsku minnar í vestfirsku sjávarplássi var bundin þröngum fjörðum og einangrun hárra fjalla, hvernig öll hugsun og reynsla var rötfest í fámennu samfélagi.

Sú kynslóð sem nú er að vaxa úr grasi á Norðurlöndum býr við heim annarra tækifæra. Hún er í reynd fyrsta kynslóðin í veraldarsögunni sem hefur heiminn allan að vettvangi sínum, vettvangi vinnu, leiks og fjölskyldulífs, getur valið hvar hún vill búa og starfa, getur flutt sig úr einu landi í annað án mikillar fyrirhafnar. Hver og einn, karl eða kona, getur ákveðið á sjálfstæðan hátt hvar best sé að búa. Slíkt búsetufrelsi er alveg nýtt og við höfum ekki hugsað til enda hvaða áhrif það hefur á samfélög okkar, sveitarfélög eða þjóðarheildir.

Það er ekki lengur neinar tryggingar fyrir því að sveitarfélög eða þjóðríki, höfuðborg eða þorp, geti gengið að því vísu að íbúarnir kjósi að vera þar áfram um alla framtíð; jafnvel þjóðríkin – Ísland, Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland og einnig Færeyjar, Grænland og Álandseyjar – geta ekki treyst því að stjórnarskráin, þjóðhöfðinginn, ríkisstjórnin eða stórfyrirtækin tryggi að hollusta íbúanna verði áfram byggð á bjargi.

Stofnanir samfélagsins – sveitarstjórnir, ríkisstjórn, þjóðþing – og forystusveitir atvinnulífs verða nú að búa við þann veruleika að hvert og eitt ungmenni getur einfaldlega ákveðið að fara burt. Ungu fólkið hugsar svo sannarlega á heimsvísu en spurningin er hvar það haslar sér völl.

Við sem höfum verið valin til forystu verðum því nánast á hverjum degi að vinna traust nýrrar kynslóðar, sannfæra hana um að besti kostur hennar sé að búa áfram hjá okkur. Ef við bregðumst því trausti getur hún einfaldlega farið burt, til annarra Evrópulanda, til Ameríku, Asíu eða annarra heimshluta.

Hér áður fyrr var rætt um spennuna milli höfuðborgar og landsbyggðar, um ójafnvægið í þróun landshlutanna. Nú eru Norðurlönd öll orðin landsbyggð – þegar heimshugsun nýrrar kynslóðar er lögð til grundvallar.

Fyrstu viðbrögðin við þessari þróun hafa á stundum verið neikvæð, jafnvel óttablandin, og hugmyndir og tillögur um varnarlínur vaknað hjá ærið mörgum. Reynslan hefur hins vegar sýnt okkur að í þessum breytingum felast mörg heillandi tækifæri fyrir byggðarlögin og árangurinn hefur víða verið glæsilegur.

Hin unga kynslóð virðist í auknum mæli vera á þeirri skoðun að hennar besti kostur sé að nýta tækifærin sem heimaslóð felur í sér á þann hátt að beita heimssýn á viðfangsefnin.

Í innsetningaræðu minni þegar ég tók við embætti forseta Íslands 1996 áréttaði ég að áskorunin sem blasti við ungu fólki væri hvernig hægt væri að vera í senn góðir Íslendingar og sannir heimsborgarar. Úr slíkri samtvinnan gæti sprottið nýtt framfararskeið fyrir okkur Íslendinga. Og það hefur svo sannarlega verið að gerast. Á undanförunum árum hafa íslensk fyrirtæki náð á heimsmarkaði glæsilegri forystu í ólíkum greinum og byggt þann árangur á reynslu, þjálfun og hugsun sem slípast hafa á heimaslóð. Rætur hér heima hafa með vökvun á veraldarvísu getið af sér nýjan og fjölskrúðugan garð sem færir okkur efnivið í spennandi framtíð, sýnir að hinar smáu einingar geta á nýrri öld orðið frjó uppspretta árangurs á heimsvísu.

Hin hefðbundna íslenska hugsun var að fiskurinn og auðlindir náttúrunnar yrðu um aldir og ævi grundvöllur hagvaxtar og velmegunar – og vissulega hafa sjávarafurðir sem við höfum selt um allan heim og rafmagnið sem við sendum í álverin skilað okkur miklum arði. En á síðari árum hefur hér þróast nýtt hagkerfi sem byggt er á alþjóðlegri hugsun og staðbundinni reynslu, og árangur hinna nýju fyrirtækja hefur verið undraverður, sönnun þess að norræn samfélög, smá og stór, sveitarfélög og einstök héruð eiga nú beinan aðgang að vexti á heimsvísu, eru ekki lengur háð þeim milliliðum sem áður tengdust höfuðborg og öðrum miðstöðvum stjórnkerfis og atvinnulífs.

Ef einhver hefði spáð því fyrir tíu árum, hvað þá tuttugu eða þrjátíu, að Íslendingar gætu orðið forystuafli á erlendum mörkuðum í bankarekstri, smásöluverslun, lyfjaframleiðslu, gervilimagerð, erfðarannsóknum á viðskiptagrunni, hugbúnaði við stjórnsýslu, tækja sem tengja saman leysigeisla og tölvubúnað til að umbylta kjötframleiðslu í Texas og víða í Bandaríkjunum, svo að fáein dæmi séu nefnd – ef einhver hefði spáð slíku, jafnvel á virðulegum ráðstefnum hálarðra sérfræðinga í viðskiptum, þá hefðu þeir tvímælalaust verið taldir léttgalnir. Engu að síður er þetta nú sá skapandi veruleiki sem blasir við okkur á hverjum degi, veruleiki sem sannar hvernig staðbundin reynsla getur með heimsvæddri hugsun opnað okkur nýja veröld hagsældar og tækifæra.

Íslenskur banki, Kaupthing Bank, er nú orðinn einn af tíu stærstu fjármálastofnunum Norðurlanda og allir þrír íslensku bankarnir stunda nú viðskipti um víða veröld, hagnýta sér íslenska reynslu til að skapa sér forskot á heimsmarkaði.

Íslensk verslanakeðja, Baugur Group, hefur nú haslað sér völl í Svíþjóð, Danmörku, Bretlandi og víðar, opnaði fyrr á árinu vöruhús í Kaupmannahöfn og annað í Stokkhólmi í fyrra, hefur náð árangri vegna ögunar sem hörð samkeppni í Reykjavík og nágrennanabyggðum færði frumkvöðlum. Áður fyrr fóru Íslendingar til Norðurlanda til að versla en nú hjálpum við norrænum frændum okkar til að versla heima hjá sér.

Íslenskt lyfjafyrirtæki sem áður hét Pharmaco en nú Actavis framleiðir lyf víða í Evrópu, í Búlgaríu, í Serbíu, á Möltu og einnig á Indlandi og víðar. Tekjur okkar Íslendinga af lyfjaútflutningi til Þýskalands eru nú meiri en salan á karfa gefur af sér en Þýskaland hefur lengi verið helsti markaður okkar fyrir þann merka fisk. Framleiðsla á hinum smáa íslenska lyfjamarkaði skapaði forskot sem dugað hefur vel til að skara framúr í alþjóðlegu umhverfi.

Íslenskt gervilimafyrirtæki, Össur, er orðið eitt hið stærsta í heiminum og byggir á hugviti og reynslu sem þróaðist í samvinnu við sjúkrahús og heilbrigðiskerfi hér heima.

Icelandair hefur haldið áfram að ná einstæðum árangri sem sést best á því að í hverri viku eru fleiri flug frá Íslandi til Bandaríkjanna heldur en frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi samanlagt. Og flugfélagið Atlanta sem stofnað var fyrir um fimmtán árum og sérhæfir sig í ákveðinni tegund leiguflugs er nú orðið það stærsta á sínu sviði í veröldinni með öfluga starfsemi í Mið-Austurlöndum og Asíu, helsti flytjandi pílagríma til Mekka á hverju ári.

Fjölmörg íslensk fyrirtæki í hugbúnaði og hátækni hafa einnig náð miklum árangri í krafti vöruþróunar á íslenskum markaði, fyrirtæki jafn ólík og Marel sem helgað er hátækni í matvælaframleiðslu og selur vélar og tæki í öllum heimsálfum, GoPro sem framleiðir hugbúnað til að ná betri árangri við stjórnsýslu, hugbúnað sem nú er nýttur af sveitarstjórnnum og héruðum á Norðurlöndum og í Skotlandi; og Flaga sem er í fremstu röð í veröldinni við að framleiða tæki til að stjórna svefni og öndun og skapa þannig betri heilsu.

Við gætum haldið áfram að rekja fleiri dæmi lengi dags en ég læt þessi nægja sem sönnun þess hvernig skapandi alþjóðleg hugsun hefur í krafti staðbundinnar reynslu fært okkur Íslendingum auðlegð nýrra tækifæra og í reynd leitt okkur inn á nýtt skeið hagvaxtar og framþróunar.

Og Ísland er ekki einstakt að þessu leyti. Í reynd erum við að íbúafjölda eins og lítið eða meðalstórt hérað í Evrópu, margar borgir á Norðurlöndum eru með fleiri íbúa en Íslendingar eru samanlagt. Að þessu leyti er hin íslenska reynsla fróðleiksnáma fyrir norræn sveitarfélög, sýnishorn þess hvað hægt er að gera, hvernig unnt er að snúa áskorun og ögrun hins nýja tíma sér í hag.

Sveitarfélögin eru reynslusjóður og návígið skerpir iðulega hæfileika, brýnir íbúana til að gera betur, nýta hæfileikana sem í þeim búa. Norræn sveitarfélög eru auk þess vettvangur ríkrar lýðræðishefðar og fjölbreyttrar menningar, sköpunarkrafta sem eftt hafa sjálfstæði þeirra og getu.

Flestir fræðimenn eru sammála um að á hinni nýju öld séu lýðræðisleg hugsun, lifandi og margræð menning, áhersla á sköpunarkraft og frumleika mikilvægar forsendur þess að ná árangri á heimsmarkaði, skara framúr í harðnandi samkeppni þar sem ögrunin getur komið úr hvaða átt sem er.

Norræn sveitarfélög eiga þessa eiginleika í ríkum mæli og með alþjóðlegri hugsun geta þeir nýst til að skapa sveitarfélögum, héruðum og byggðarlögum tíma nýrra og heillandi tækifæra.

Mörgum sem glíma við hina daglegu önn sveitarstjórnarmanna, vandamálin sem blasa við á hverjum morgni og eru jafnvel enn óleysanlegri að kveldi, kann að finnast þetta vera bjartsýnistal, sólarsýn forseta sem samkvæmt hefðinni á jafnan að vera á jákvæðum nótum.

En mér finnst reynsla okkar Íslendinga, árangur samfélags sem er á stærð við fjölmörg norræn sveitarfélög, sýna ótvírætt að við eigum nú raunhæfa möguleika á slíkri þróun. Ef við hugsum á heimsvísu og tökum til hendinni heima þá opnar hið nýja hagkerfi okkur leiðir sem áður voru ófærar, skapar traustari grundvöll að hagsæld og velferð íbúanna.

Ef þið efist um þessa sýn takið ykkur þá smá stund og akið um úthverfi Reykjavíkur og nágrennabyggðirnar, jafnvel fiskibæi hér á Suðurlandi eða sveitabéttbýli fyrir norðan og austan og hugleiðið hvernig það megi vera að fámenn þjóð við nyrsta haf sem um aldir var sannarlega fátækasta þjóð í Evrópu, samfélag bænda og fiskimanna sem rétt skrimti frá ári til árs, sé nú við upphafi nýrrar aldar með einhverjar hæstu þjóðartekjur á mann sem þekkjast í veröldinni, aðbúnað í menntun, heilsugæslu og umönnun aldraðra á við það besta sem til er og í efstu sætum landatöflu sem fjallar um netnotkun, heimasíður og tölvueign, í framvarðarsveit byltingarinnar sem upplýsingatæknin felur í sér.

Já, það er vissulega ótrúlegt en það er einmitt samtíðinnun staðbundinnar reynslu og alþjóðlegrar hugsunar sem hefur skilað okkur þessum árangri.

Að vísu heldur amerískur vinur minn því fram að Íslendingum hafi tekist að blekkja heiminn á stórsnjallan hátt; við höfum komist upp með frábærasta áróðursbragð sem þekkest. Hann telur að árangur Íslendinga sé ógerlegt að útskýra nema með tilvísun til þess að hér búi í raun og veru þrjár til fjórar milljónir manna. En okkur hafi hins vegar tekist að sannfæra heiminn um að við séum bara tæplega þrjú hundruð þúsund og aflu okkur samúðar og velvildar út á það.

Ég ætla ekki að upplýsa sannleikann hér í dag en kannski felst vísbending í því að hve smá sem við annars erum, hve lítið sem sveitarfélagið eða samfélagið kann að vera, þá eigum við að hugsa stórt, hugsa eins og við séum margar milljónir, trúa því að það séu engin takmörk fyrir því hve langt við getum náð, að hugsa ekki bara á heimsvísu og vera athafnasöm á heimaslóð heldur bæði hugsa og aðhafast eins og við séum milljónir í hverri heimabyggð.

Með slíkri hvatningu býð ég ykkur velkomin til Íslands og vona að sköpunarkrafturinn sem fólgin er í íslenskri náttúru, sköpunarkrafturinn sem færir okkur jafnt og þétt nýjar hraunbreiður, nýjar eyjar, ný eldfjöll, nýja sanda, nýja hvera, nýtt landslag verði ykkur farsælt veganesti þegar

heim er komið, sönnun þess að veröldin er enn í mótun og við eigum nú á Norðurlöndum vól á margþættari tækifærum en nokkru sinni.